

Reykjavík, 12. apríl 2021

## Ályktun frá aðalfundi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu

Aðalfundur Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu lýsir yfir miklum áhyggjum af því að ekki hafa borist svör frá stjórnvöldum við fjármögnun breytinga á vinnutíma vaktavinnufólks sem eiga að taka gildi þann 1. maí nk. Ljóst er að kostnaðurinn við þær breytingar mun verða umtalsverður og er utan við einingarverðshækkunir sem þegar hafa komið fram. Fjárhagur aðildarfélaga samtakanna er mjög viðkvæmur fyrir, eftir niðurskurð undanfarinnar ára. **Aðildarfélög SFV munu ekki halda velli með þennan kostnað óbættan.** Sú bæting verður ennfremur að koma til strax að öðrum kosti munu aðildarfélög lenda í greiðsluþroti, enda er Fjársýsla ríkisins ekki á bakvið þau til að standa undir þessum greiðslum eins og hjá ríkisstofnunum. Aðalfundur SFV skorar á stjórnvöld að bregðast við þessari stöðu strax.

Ályktun lögð fram og samþykkt á aðalfundi SFV 12. apríl 2021.